



**LEIKUR
VIRÐING
GLEÐI**

**SKÓLANÁMSKRÁ
Uglukletts**

© Skólanámskrá leikskólans Uglukletts, 2025.

Að gerð skólanámskránnar komu starfsfólk, foreldrar og börn
í leikskólanum Uglukletti.

Ábyrgðarmaður: Kristin Gísladóttir, leikskólastjóri.

Yfirlestur og góð ráð: Anna Magnea Hreinsdóttir, Lilja Ólafsdóttir, Dr. Rósa Gunnarsdóttir og
Dr. Karen Rut Gísladóttir.

Hönnun og umbrot: Þórunn Edda Bjarnadóttir.

EFNISYFIRLIT

LEIKSKÓLINN UGLUKLETTUR	5
-------------------------------	---

STEFNA UGLUKLETTS.....	6
------------------------	---

Leikurinn í leikskólanum	7
Andinn í húsinu	8
Dagurinn okkar	8
Flæði og jákvæð sálfræði.....	10
Hæglæti	12
Sjálfræði	13
Hlutverk starfsmanna	14
Lýðræði og jafnrétti í skólastarfi.....	14
Heilsuefling	15
Útinám.....	15
Vínátta barna	16
Leik- og námsumhverfið í Uglukletti	16
Leikur á svæðum	17
Upphaf leikskóladvalar	18
Starf elstu barna	19

GRUNNÞÆTTIR OG NÁMSSVIÐ	21
-------------------------------	----

Læsi og málörvun.....	21
Sköpun og tónlist	21
Sjálfbærni, útinám og upplifun í náttúrunni	22
Heilbrigði og vellíðan	23
Stærðfræði og vísindi	24
Kubbar	25

GÓÐIR VINIR OKKAR	26
-------------------------	----

Nærsamfélag.....	26
Samstarf leikskóla	26
Samstarf leik- og grunnskóla	26
Grunnskólaheimsóknir og vorskóli.....	27
Opinberar stofnanir	28

FORELDRAR.....	29
----------------	----

Foreldraráð	29
Foreldrafélag.....	30
Foreldrasamtöl	30
Foreldrafundir	30

FARSÆLD BARNNA	30
Skipulag stoðþjónustu og verkferlar	31
Nemendur með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn	33
MAT Á LEIK, NÁMI OG VELFERÐ BARNNA	34
Námsáætlanir.....	34
Innra mat leikskólans.....	35
TRAS – skráning á málþroska barna.....	36
Hljóm- 2	37
HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR	38
Öryggismál.....	38
Brunaáætlun.....	38
Áfallaáætlun.....	38
Viðtalstími starfsfólks	38
Skóladagatal.....	38
Upplýsingagjöf	38
Foreldrahandbók.....	38
SAGAN	39
HEIMILDASKRÁ.....	40



LEIKSKÓLINN UGLUKLETTUR

Leikskólinn Ugluklettur er staðsettur í útjaðri Borgarnes þar sem villtur gróður og náttúran er við garðhliðið. Leikskólinn tók til starfa haustið 2007 og var vígður með viðhöfn 20. október 2007. Í leikskólanum eru um það bil 85 börn á fimm deildum á aldrinum 12 mánaða til 6 ára. Nöfnin á rýmum leikskólans eru sótt í örnefni héraðsins, til að mynda heita deildirnar eftir fjöllum Skessuhorni, Baulu, Grábrók, Eldborg og Grettisbæli. Önnur rými skólans hafa einnig hlotið nöfn sem tengjast náttúrunni í kringum okkur þar á meðal Paradíslaut, Skessubrunnur, Borg og Litla Brók. Markmiði með þessu nafngiftum var að tengja örnefnið inn í leikskólann og gera börnin meðvituð um náttúruna í kring.

Ugluklettur starfar eftir lögum um leikskóla og Aðalnámskrá leikskóla auk þess sem skólasamfélagið í Borgarbyggð hefur mótað saman stefnu (2023) sem skólanámskráin byggir á. Einkunnarorð leikskólans eru leikur, virðing og gleði.

LEIKUR sem meðal annars miðar að því að:

- 🐻 Læra á lífið í gegnum leikinn og auka félagsfærni, þroska, þekkingu og vísðýni.
- 🐻 Komast í flæði og byggja ofan á fyrri reynslu.
- 🐻 Auka sjálfræði, sjálfstraust, sköpun, frumkvæði, seiglu og hugrekki.
- 🐻 Ýta undir fróðleiksfýsni, ímyndunarafli og tilraunir með mismunandi efnivið, úti sem inni.

VIÐÞING sem felst meðal annars í því að:

- 🐻 Bera virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfinu sínu.
- 🐻 Öryggi, kurteisi, umhyggjusemi og umburðalyndi er í hávegum haft.
- 🐻 Tileinka sér heilbriggt lífni.
- 🐻 Stuðla að jafnrétti og fagna fjölbreytileikanum.

GLEÐI sem birtist meðal annars í:

- 🐻 Lífsglöðum og forvitnum einstaklingum með sterka sjálfsmynd.
- 🐻 Að sjá það jákvæða og hafa færni til að nýta sér það í mismunandi aðstæðum í lífinu.
- 🐻 Að þekkja sjálfan sig og áhugasvið sitt.
- 🐻 Góðum starfsanda þar sem hver einstaklingur fær að njóta sín.




STEFNA UGLUKLETTS

Stefna leikskólans Uglukletts er að börn njóti bernsku sinnar. Markmið leikskólans er að hlúa að hag og velferð barna auk þess að veita þeim umönnun og menntun, búa til hvetjandi uppeldisumhverfi og öruggnáms- og leikskilyrði. Nám barna skal fara fram í gegnum leik og skapandi starf og starfshættir eiga að vera í anda jafnréttis, umburðalyndis, kærleika, lýðræðis, umhyggju, virðingar og fleira (Aðalnámskrá leikskóla, 2023). Af þeim sökum leggjum við megin áherslu á að efla félagslega hæfni, frumkvæði og sjálfræði barna því við teljum það gott veganesti út í lífið. Það að geta valið hvað er best fyrir mann sjálfan og þannig haft stjórn á eigin lífi er undirstaða sjálfræðis og þess að vera virkur í lýðræðislegu samfélagi. Við vinnum með hæfileika, þroska og áhuga einstaklingsins og finnum leiðir til að hver einstaklingur geti nýtt þá sem best til að þroskast og dafna. Lögð er áhersla á að efla málþroska barna því góð tök á tungumálinu og hinum ýmsu þáttum þess er grundvöllur þess að geta gert sig skiljanlegan og átt samskipti við aðra. Við leggjum áherslu á gott samstarf við nærsamfélagið og nýta þann mannauð sem er í kringum okkur. Stefna Uglukletts er að vera framsækinn skóli og til fyrirmyndar um kennsluhætti, velferð, góða stjórnunarhætti, rekstur og þjónustu við börn, foreldra og starfsmenn.

Markmið Leikskólans Uglukletts eru að:

-  Börn fái notið bernsku sinnar og að hugarheimur þeirra fái að njóta sín.
-  Efla þroska barna á þeirra forsendum í náinni samvinnu við foreldra.
-  Styðja við sjálfræði, víðsýni, forvitni, sköpun, og frumkvæði barnanna.
-  Styðja við hvern einstakling þannig að hann finni sína styrkleika.
-  Bjóða börnum upp á nám og umhverfi sem hentar hverjum og einum.
-  Styðja við og ýta undir málþroska barna.
-  Styðja við námsgleði og góðan vinnuanda með virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum að leiðarljósi.
-  Veita starfsfólki svigrúm til sjálfstæðis og frumkvæðis í starfi.
-  Starfshættir mótist af umburðarlyndi og jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi og ábyrgð.
-  Fylgjast vel með því sem hæst ber á sviði uppeldis- og kennslumála.



LEIKURINN Í LEIKSKÓLANUM

Leikurinn er þungamiðjan í öllu leikskólastarfi, hann er sjálfsprottinn og á forsendum barnsins. Leikurinn er námsleið barnsins og býr til tækifæri þar sem það fær að læra og skilja umhverfi sitt, tjá hugmyndir sínar, reynslu og tilfinningar auk þess að þróa félagsleg tengsl við önnur börn. Í gegnum leikinn mynda börnin félagslega hópa, skapa sína menningu, gera tilraunir og reyna sig í hinum ýmsu hlutverkum. Í leik eflast vitræni og skapandi þættir. Hann kallar á fjölbreytta notkun tungumálsins, hreyfingu, félagsleg samskipti og tilfinningatengsl. Leikur getur virkjað sköpunarkraft barna og löngun þeirra til að læra og afla sér þekkingar.

Í Uglukletti leggjum við meðal annars áherslu á eftirfarandi í leiknum:

- 🦉 Við lærum í gegnum leik.
- 🦉 Við gefum leiknum nægan og samfelldan tíma.
- 🦉 Sjálfsprottinn leikur og áhugi fær mikið pláss.
- 🦉 Útinám er í hávegum haft.
- 🦉 Við rannsökum, finnum lausnir og sköpum.
- 🦉 Við nýtum okkur mismunandi efnivið t.d. eftir árstíðum.
- 🦉 Starfsfólk er meðvitað um leik barnanna og fylgist með.
- 🦉 Við nýtum þau tækifæri, sem upp koma í leik barnanna, til að kveikja áhuga og styðja við nám þeirra.
- 🦉 Við styðjum við og eflum jákvæð samskipti í leik

ANDINN Í HÚSINU


Í Uglukletti höfum við jákvæðni, virðingu, kurteisi, samkennd, hlýju og gleði að leiðarljósi í samskiptum okkar hvert við annað auk þess sem við munum eftir því að hrósa. Við byggjum hvert annað upp og sýnum samstöðu með því að horfa á sterkar hliðar hvers einstaklings, hvort sem um börn, starfsfólk eða foreldra er að ræða, og ýtum undir skapandi hugsun. Við leitumst við að hafa afslappað og heimilislegt andrúmsloft en jafnframt séu krefjandi aðstæður til staðar þar sem allir geta fundið áhugavert verkefni við sitt hæfi. Við ýtum undir frumkvæði og sjálfstæði auk þess sem við erum óhrædd við að stíga út fyrir rammann. Við vinnum með hæfileika, styrkleika og áhuga einstaklingsins og finnum leiðir til að nýta þá sem best í skólastarfinu. Okkur finnst mikilvægt að hver einstaklingur finni að hann hafi eitthvað að segja um aðstæður sínar og verkefni þannig að ákveðið frjálsræði og sveigjanleiki er til staðar. Það að kunna að geta valið hvað sé best fyrir sjálfan sig og þannig haft stjórn á eigin lífi er undirstaða sjálfræðis og þess að vera virkur í lýðræðislegu samfélagi.

Bæði börn og starfsfólk fá að finna til ábyrgðar á verkefnum og vinna saman á jafnréttisgrundvelli. Við gerum ekki ráð fyrir að aðrir lesi hugsanir okkar, við segjum það sem okkur finnst og það sem við erum að hugsa. Við gerum auk þess ekki ráð fyrir að vita hvað aðrir eru að hugsa svo við spyrjum og öflum okkur upplýsinga frekar en að draga okkar eigin ályktanir. Á þann hátt eigum við heiðarleg samskipti sem byggja á virðingu fyrir skoðunum annarra.

Við í Uglukletti komum fram við aðra eins og við viljum láta koma fram við okkur því þannig líður öllum best. Við leitumst við að undirbúa börnin undir framtíðina, sem enginn veit hvað ber í skauti sér. Af þeim sökum leggjum við megin áherslu á að efla félagslega hæfni, færni í samskiptum, frumkvæði og sjálfstæði barnanna því við teljum það gott veganesti út í lífið.

DAGURINN OKKAR

Í Uglukletti er fljótandi dagskipulag sem hefur það markmið að börnin hafa áhrif á daginn sjálf, þau ráða hvaða viðfangsefni þau velja sér og hversu lengi þau eru á hverjum stað. Með því að styðjast við fljótandi dagskipulag gefum við einstaklingunum færi á að hafa áhrif á nám sitt, nýtum



sjálfsákvörðunarrétt hvers og eins auk þess sem ýtt er undir frumkvæði og sjálfstæði barnanna. Virðing er borin fyrir tíma foreldra og barna og gefur dagskipulag Uglukletts foreldrum mikið svigrúm til að njóta hverrar stundar með barninu sínu. Gleði er mikilvægur þáttur í námi barna og með opnu dagskipulagi næst fram jákvætt andrúmsloft þar sem hver og einn fær tækifæri til þess að vinna að sínum verkefnum. Með gleði og vellíðan að leiðarljósi verður nám barnanna jákvæð upplifun.

Þegar börnin koma í leikskólann finna þau sér viðfangsefni eftir áhuga. Við höfum tekið eftir því að börnin sækja oft og tíðum á sömu leiksvæðin þegar þau koma í leikskólann. Við teljum þetta byggjast á því að börnin finni sérstaklega til öryggis á þessum stöðum. Þau staldra þar við en innan tíðar eru þau komin af stað og finna sér önnur viðfangsefni. Börnunum stendur til boða að fá sér morgunmat þegar þeim hentar á bilinu kl 8.15 til 8.50.

Klukkan 9.00 eru allir starfsmenn komnir í hús og hefst þá leikur á svæðum. Það gengur út á að hver starfsmaður á sína stöð sem hann hefur umsjón með og sér þar um ýmiss verkefni. Stöðvarnar eru t.d hreyfistundir í sal, útikennsla, listakrókur, stærðfræði, málörvun og vísindi. Börnunum er frjálst að koma á stöðvarnar þegar þau vilja eða halda áfram að leika sér í sjálfsprottnum leik. Klukkan 10.00 er útivera og ráða börnin hvert fyrir sig hvort þau fara út fyrir eða eftir hádegi. Yngri börnin sem sofa eftir hádegið, fara yfirlett út fyrir hádegi.

Fyrir hádegismatinn kemur barnahópurinn saman á sinni heimastöð, syngur, les, tekur ákvarðanir á lýðræðislegan hátt og veltir fyrir sér lífinu og tilverunni. Klukkan 11.30 er hádegismatur.

Eftir hádegismat fara þau börn sem ekki sofa, í samveru í litlum hópum þar sem markvisst er unnið með hina ýmsu þroska þætti svo sem málörvun, unnið með hljóðkerfisvitundina, stærðfræði, tölur, sköpun og fleira í rólegum aðstæðum.

Klukkan 13.00 fara þau börn út sem völdu að vera inni fyrir hádegi, auðvitað mega börnin fara út bæði fyrir og eftir hádegi ef þau vilja, og hin velja sér verkefni eða leik eftir áhuga.

Seinnipartinn fá börnin sér nónhressingu og eftir að hafa borðað geta þau svo snúið aftur til þeirra verkefna eða í þann leik sem þau voru í eða fundið sér ný viðfangsefni.

Samstarf deilda er mikið yfir allan daginn og geta börnin sótt í það leikefni sem þeim hugnast best hverju sinni. Fjölbreytt leikefni er í boði; kubbar, skapandi efniviður, fínhyrfiverkefni s.s. perlur, púsl, hlutverkaleikur og fleira auk þess sem ýtt er undir sjálfsprottinn frjálsan leik. Börnin eru hvött til að finna sér viðfangsefni eftir eigin áhuga og við metum frumkvæði þeirra mikils. Í lok dags eru börnin í leik inni við



eða fara út í garð.

Við leggjum okkur fram um að öllum finnist þeir velkomnir í leikskólann og séu mikilvægir fyrir hópinn. Við metum tíma barna og foreldra mikils svo foreldrum er velkomnið að koma með börnin í leikskólann þegar þeim hentar en þó með þeirri undantekningu að milli 11.00-13.00 er erfitt að taka á móti börnunum vegna matartíma og hvíldar.

Í matartímum er lagt upp úr afslöppuðu andrúmslofti við matarborðið og að börnin fái nægan tíma til að matast. Þannig gefst þeim tækifæri til að hlusta á líkamann, þekkja mun á svengd og seddu og njóta matarins.

Kennarar eru fyrirmyndir við borðhaldið, taka þátt í máltíðinni, hvetja börnin til að smakka og ræða við þau um hollustu og gæði matarins á jákvæðan

hátt. Við nýtum matartímana á margvíslegan hátt, t.d. til málörvunar, þorþjálfun o.fl. Við notum orðfæri eins og hugrekki þegar kemur að því að smakka og taka skref út fyrir þægindarammann. Við hvetjum þau til tilrauna við matarborðið og skorum á þau að bragða á nýjungum í matartímum þó aldrei gegn vilja neins. Við leggjum áherslu á að börnin læri sitt magamál og finni sjálf hvenær þau eru orðin södd eða hvort þau kjósa ábót. Í Uglukletti er lagt upp með að börnunum sé ekki hrósað fyrir það að klára matinn sinn og matur er ekki notaður sem umbun. Við virðum það þegar börnin telja sig hafa lokið við máltíðina og leggjum ekki hart að þeim að klára matinn sinn, við ræðum það hvernig maður skammtar á diskinn sinn þegar börnin hafa þroska til. Þetta er liður í því að búa börnunum heilbriggt matarumhverfi byggt á þeirra forsendum og upplifun.

Matur hefur félagslegt gildi og honum fylgja ákveðnar hefðir. Við leggjum rækt við ýmsar matarhefðir sem hafa orðið til í leikskólanum gegnum árin eða tilheyra íslenskri menningu. Til dæmis bjóðum við upp á þorramat á Þorranum, saltkjöt og baunir á sprengidag, rjómaþellur á þelludag auk þess sem við gerum okkur allskyns dagamun t.d. fyrir jólin.

FLÆÐI OG JÁKVÆÐ SÁLFRÆÐI

Flæði (e. *Flow*) er hugtak þróað af ungverska sálfræðingnum Mihaly Csikszentmihalyi. Hugtakið vísar til þess ástands þegar einstaklingur er algerlega niðursokkinn í verkefni, þannig að viðkomandi gleymir

bæði stund og stað. Ástand þetta einkennist af djúpri einbeitingu og gleði en einstaklingnum þarf að finnast verkefnið krefjandi en um leið finna að það sé viðráðanlegt. Í Uglukletti er leitast við að nýta þessa hugmyndafærði til að auka vellíðan barna, sköpun og efla þroska (Csikszentmihalyi, 1997). Barn sem kemst í flæði í leik er niðursokkið í leikinn, gleymir stund og stað auk þess sem áhrif utanaðkomandi áreitis á það verður minna (Csikszentmihalyi, 1990). Leikur í flæði gefur börnum fjölmörg tækifæri til aukinnar þekkingar og jákvæðrar upplifunar í samspili við önnur börn (Göl-Güven, 2017).

Jákvæð sálfræði horfir til þess að styrkja jákvæða eiginleika og hegðun einstaklinga, frekar en að horfa til sjúkdóma eða veikleika. Lögð er áhersla á vellíðan, hamingju, jákvæðar tilfinningar, og þróun einstaklingsins. Martin Seligman, sem er talinn stofnandi jákvæðrar sálfræði, hefur skilgreint nokkur lykilhugtök innan hennar, þau eru gleði, þrautseigja, þakklæti, von og styrkleikar (Seligman, 2011).

Í Uglukletti er hugmyndafræði jákvæðrar sálfræði nýtt til að auka vellíðan og sérstaklega er hugað að því að byggja á styrkleikum barna og hvetja til jákvæðrar hegðunar. Lögð er áhersla á að þróa félagsfærni, sjálfstraust og tilfinningagreind nemenda. Með því að nýta styrkleika miðaða nálgun og huga að styrkleikum nemenda fremur en veikleikum, er þeim hjálpað við að byggja upp sjálfstraust sitt og jákvæða sjálfsmynd, sem stuðlar að betri námsárangri og meiri vellíðan (Park & Peterson, 2009).

Lögð er áhersla á jákvæða sálfræði er lagt upp með að kenna börnum að takast á við áskoranir af þrautseigju, leita lausna og viðhalda jákvæðu hugarfari (Kern, 2022). Þess konar aðstæður geta einnig bætt samskipti því jákvæð sálfræði hvetur til samkenndar og umburðarlyndis (Seligman, 2011). Með því að horfa til framfara og styrkleika einstaklinga er stuðlað að aukinni hvatningu í skólasamfélaginu og þannig betri skólabrag (Waters, 2011).

Umhverfi Uglukletts, hvernig það hvetur til sköpunar og frjáls leiks, skiptir miklu máli þegar hugað er að auknum tækifærum til að komast í flæði. Starfsfólk þarf auk þess að þekkja hvern einstakling vel, hvert áhugasvið og styrkleikar allra eru, svo hægt sé að bjóða upp á viðfangsefni við hæfi. Þegar börn taka þátt í viðfangsefnum og eru í aðstæðum sem samræmast áhugasviði þeirra og eru nægilega krefjandi



til að fanga athygli þeirra, eykur það líkurnar á því að þau komist í flæði.

Börn sem upplifa styðjandi umhverfi og flæði í leikskólanum hafa aukin tækifæri til að þróa með sér góða félagsfærni, betri sjálfsmynd og meiri sköpunargleði. Shernoff o.fl. (2003) benda á að þegar börn eru í aðstæðum þar sem þau upplifa flæði séu þau líklegri til að taka virkan þátt í námi sínu og upplifi ánægju í viðfangsefnum sínum. Þetta leiði til aukinnar vellíðunar og jákvæðari lífsviðhorfa sem eru aðstæður vel til þess fallnar að efla náms- og þroskaþætti einstaklingsins.

Í stuttu máli má því segja að flæði sé gagnlegur þáttur í starfi Uglukletts sem stuðlar að aukinni vellíðan, sköpun og námsáhuga barna. Til að ná fram flæði þarf að huga vel að umhverfinu og þeim aðstæðum sem börnum er boðið upp á. Þau þurfa að hafa frelsi til að kanna áhugasvið sín, finna til styrkleika sinna og fá þannig að taka þátt í viðfangsefnum sem höfða til áhuga þeirra en eru jafnframt krefjandi og veita þeim gleði

Hlutverk starfsmanna í Uglukletti er að búa til aðstæður þar sem flæði getur átt sér stað. Eins og áður hefur komið fram er mjög mikilvægt að hver og einn einstaklingur þekki sjálfan sig vel og sínar þarfir. Þess vegna teljum við mikilvægt að börnin læri að velja hvað það er sem hentar þeim best, hverjar þarfir þeirra, langanir og áhugi er hverju sinni. Með því kynnast þau hvernig hægt er að hafa áhrif á aðstæður sínar og líf á jákvæðan hátt. Þau geta breytt aðstæðum þannig að upplifunin sé jákvæðari, þá er einstaklingurinn oftast glaður og gleðin veitir honum orku.

Við lítum svo á að mistök séu tilraun sem læra má af hvernig á að gera betur. Við erum meðvituð um að fá fram afstöðu, skoðanir og sýn barnanna á aðstæður. Hér skiptir hlustun mestu máli, þ.e. að hlustað sé á börnin með tilliti til þeirra hugarheims og aðstæðna. Við hinir fullorðnu gegnum veigamiklu hlutverki sem fyrirmyndir í góðum og jákvæðum samskiptum sem einkennast af virðingu og heiðarleika. Við hrósum fyrir það sem er vel gert og aðstoðum börnin við að finna sínar eigin leiðir.

HÆGLÆTI

Hæglátt leikskólastarf felst í því að kennarar gefi sér tíma og næði til að rýna í það rými og þann efnivið sem til staðar er í leikumhverfi



barna. Einnig eru ígrunduð þau hugtök og þær aðferðir sem notaðar eru til að styðja við nám þeirra. Við slíkar aðstæður er hægt að dýpka og þróa áfram nám barna með því að gefa tíma og ígrunda í gegnum uppeldisfræðilegar skráningar. Rými er gefið til að hlusta á hugmyndir barna og hvernig þeirra reynsluheimur er. Það er ferlið og dýpt námsins sem skiptir máli hverju sinni. Umræður og samtal barna, starfsmanna og foreldra um starfið er einnig mikilvægur liður ígrundunar á starfi sem þessu. Mikilvægt er að nýta faglega gagnrýna hugsun varðandi nám barna. Áhersla er á það sem er að gerast „hér og nú“ en litið á þá reynslu barnanna sem er að myndast og þá þekkingu sem er að verða til. Bæði þarf að taka tillit til einstaklingsþarfa og þarfa hópsins (Clark, A., 2023).



Í Uglukletti er hugmynda heimi barna sýnd virðing með því að gefa þeim tíma og svigrúm til að skoða efnivið, viðfangsefni og sinna eigin hugmyndum á sínum forsendum. Þetta er gert til að efla upplifun þeirra, þau dýpki eigin þekkingu, nýta áhugahvöt og auka vellíðan. Í starfinu er staldrað við það sem fangar áhuga barna og því gefin meiri gaumur. Hugað er að því að það sé ferlið sem skipti meira máli en útkoman. Hlutverk starfsmanna er að auðga umhverfið, grípa hugmyndir og hjálpa börnunum að finna leiðir til að þróa hugmyndir sínar áfram en jafnframt vita hvenær þeir þurfa að staldra við og leyfa börnunum að stýra ferðinni.

SJÁLFRÆÐI

Í Uglukletti er mikið lagt upp úr sjálfræði barnanna. Skilgreiningin á sjálfræði er að stjórnast af sjálfum sér í mótsögn við ósjálfræði, að stjórnast af öðrum. Sjálfræði er ekki það sama og algert frelsi til að gera það sem manni sýnist heldur tekur sjálfráða einstaklingur tillit til þeirra sjónamiða sem fyrir liggja og skipta máli (Sesselja Hauksdóttir, 2001).

Sjálfræði barna í Uglukletti birtist á ýmsa vegu, lögð er áhersla á að hlustað sé á skoðanir barna og þær hafi bein áhrif á skólastarfið. Það að leggja áherslu á nemenda lýðræði og sjálfræði hvers og eins styrkir sjálfstæði barnanna, frumkvæði, lausnaleyti og virkni í daglegu starfi. Börn fá tækifæri til að velja sér leikefni og viðfangsefni sjálf auk þess

sem þau eru hvött til að tjá sig með sem fjölbreyttustum hætti t.d. í gegnum sköpun. Þau eru hvött til frumkvæðis, sköpunar og þess að koma með eigin hugmyndir. Hugmyndum þeirra er einnig vel tekið og þær framkvæmdar t.d. þegar kemur að skipulagi leikskólastarfsins. Við lítum svo á að starfsfólk sé samrannsakendur barna og eitt af hlutverkum þeirra sé að finna hugmyndum barna farveg og aðstoða þau við að huga að leiðum til útfærslu þeirra. Mikilvægt er að huga einnig að því hvernig unnið er á lýðræðislegan hátt með hugmyndir sem upp koma. Börnin læra um samvinnu og það hvernig unnið er úr ágreiningi með virðingu og tillitsemi að leiðarljósi

Leitast er við að starfsfólk í Uglukletti finni fyrir sjálfræði í starfi sínu en að felst t.d. í réttindum og ábyrgðinni á því að taka faglegar ákvarðanir. Starfsfólk þarf einnig að byggja starfshætti sína á fræðilegri þekkingu á því hvernig börn læra og því að geta litið gagnrýnum augum á eigin starfshætti, námskrár, viðfangsefni, verkefni og leikumhverfi barnanna (Sesselja Hauksdóttir, 2011).

HLUTVERK STARFSMANNA

Í starfsmannahóp okkar eru áhugasamir, faglegir starfsmenn sem eru duglegir að grípa tækifæri sem upp koma í daglegu lífi til kennslu. Hlutverk starfsmanna í Uglukletti er meðal annars að veita öryggi, umhyggju og hlýju auk þess að búa börnunum gott og fjölbreytt námsumhverfi. Við vinnum með allar daglegar athafnir þeirra og kennum þeim í sem flestum aðstæðum. Við höfum sem fjölbreyttastar námsaðstæður og viðfangsefni til staðar. Börnin velja sér viðfangsefni sjálf en það er hlutverk starfsfólksins að hjálpa barninu við að ná því besta fram úr hverjum efniviði og styðja þannig við nám hvers barns á þess eigin forsendum. Þau fá tækifæri til að skoða efniviðinn, gera tilraunir, reka sig á, læra af aðstæðunum og finna sínar lausnir undir vökulum augum starfsmanna.

LÝÐRÆÐI OG JAFNRÉTTI Í SKÓLASTARFI

Lýðræðislegt leikskólastarf byggist á jafnrétti, fjölbreytileika, samábyrgð, samstöðu og viðurkenningu fyrir ólíkum sjónarmiðum. Börnin eiga að upplifa að þau séu hluti af hóp og samfélagi þar sem öll samskipti einkennast af réttlæti og virðingu. Litið er á börn sem virka borgara og þátttakendur þar sem hver og einn fær tækifæri til að leggja sitt af mörkum til að hafa áhrif á umhverfið sitt.

Í Uglukletti vinnum við með Lýðræði og jafnrétti í skólastarfi á eftirfarandi hátt:

- 🐼 Hlustað er á raddir barna í daglegu starfi og skoðanir þeirra látnar hafa áhrif
- 🐼 Frelsi einstaklingsins/hver velur hvað hentar honum best.
- 🐼 Meirihlutinn ræður en frelsi er til að segja nei og velja sér eitthvað annað að gera.
- 🐼 Taka hverjum einstaklingi eins og hann er.
- 🐼 Börnin taka þátt í að setja reglur innan skólans.
- 🐼 Börnin geti haft áhrif á starfið í leikskólanum
- 🐼 Kosningar um hin ýmsu málefni.



HEILSUEFLING

Markmið leikskólans Uglukletts varðandi heilsueflingu er að stuðla að bættri heilsu og líðan barna og starfsfólks með leikinn að leiðarljósi. Börnin læri að meta heilsu sína og hvernig hægt sé að velja heilbrigðari lífshætti. Ugluklettur fylgir ráðleggingum Landlæknisembættisins þegar kemur að heilsueflingu. Markmiðið er að stuðla að bættri heilsu og líðan barna og starfsfólks. Með því að huga enn betur að þáttum eins og næringu, hreyfingu, og geðrækt getum við bætt líðan allra í leikskólanum og þannig gert námsumhverfi barnanna enn betra.

Í heilsueflandi skólastarfi eru allir virkjaðir til þátttöku, börn, starfsfólk, foreldrar og nærumhverfið. Það er sérstaklega tvennt sem lögð er áhersla á í Uglukletti. Annars vegar er það góð geðheilsa en stefna skólans byggir öll á því að efla hvern einstakling og styrkja sjálfsmynd hans á jákvæðan og uppbyggjandi hátt. Hins vegar er það góð næring en boðið er upp á hollan og góðan heimilismat auk þess sem lögð er áhersla á neyslu ferskra ávaxta og grænmetis. Sneitt er hjá unnum vörum eins og helst er kostur og mest af brauðmetinu er bakað hér í Uglukletti. Þættir sem stuðla að bættri heilsu og vellíðan eru fléttaðir inn í daglegt starf og þannig unnið markvisst að heilsueflandi leikskólastarfi.

ÚTINÁM

Börnin hafa val um að fara í gönguferðir með kennurum þar sem lögð er áhersla á að fræðast um náttúruna og umhverfið í kringum okkur. Fylgst er með breytingum sem verða á gróðri og dýralífi eftir árstíðum,

ásamt því að nýta þann efnivið sem á vegi okkar verður. Þá notum við gönguferðirnar til að kynna nærumhverfi skólans. Með útikennslu fá börnin aukna hreyfingu, meira þol og betri hreyfifærni ásamt því að auka einbeitingu og styrkja félagslega færni. Einn liður í útikennslu og starfi elstu barnanna hjá okkur er aðstaða sem Ugluklettur hefur í neðri bænum í Borgarnesi. Börnin eiga þar bækistöð en nýta umhverfið til útikennslu og fara í ýmskonar vettvangsferðir. Leitað er eftir nálægð við grunnskólann til að brúa bilið milli leik- og grunnskóla. Börnin koma með foreldrum sínum á morgnana og svo fara börn og starfsfólk upp í Ugluklett með skólabíl grunnskólans, en börnin öðlast þar reynslu í notkun skólabílsins.



VINÁTTA BARNA

Unnið er að því að efla uppbyggjandi samskipti og fyrirbyggja einelti með því að efla góðan skólabrag með áherslu á góð samskipti og það að hafa jákvætt viðhorf til allra í hópnum. Unnið er sérstaklega að því að ná til þeirra barna og fullorðinna sem verða vitni að einelti án þess að bregðast við. Til þess að þetta takist er þátttaka allra í skólasamfélaginu mikilvæg, börn, starfsfólk og foreldrar auk þess sem góð samskipti eru höfð í forgrunni í öllu leikskólastarfinu.

Í Ugluklettum nýtum við fjölbreyttan efnivið til að fjalla um samskipti og félagsfærni. Til dæmis má nefna klípusögur fyrir starfsfólk, börn og foreldra, sögubækur og hinar ýmsu aðstæður sem upp koma í daglegu starfi í leikskólanum.

LEIK- OG NÁMSUMHVERFIÐ Í UGLUKLETTI

Umhverfi skólans er mikill áhrifaþáttur í námi barna og þarf hönnun þess, nýting og skipulag að taka mið af reynslu, áhuga og þroska ólíkra barna. Því þarf umhverfið að taka breytingum eftir ólíkum hópum sem þar dvelja. Allir eiga að fá tækifæri að hafa áhrif á skipulag námsumhverfisins bæði úti og inni. Efniviður á að vera opinn, krefjandi og höfðaður til mismunandi skynjunar og örvunar. Uppgötvunarnám er mikilvægt vegna náttúrulegrar tilhneigingar barna til þess að nota forvitni sína og atorku til að skoða og rannsaka þann heim sem þau

búa í. Í leik með opnum efniviði fær sköpunargleði barnanna að njóta sín. Við viljum að börnin fái viðfangsefni sem ýta undir þeirra hugmyndaauðgi, sköpun, forvitni og félagsleg samskipti. Við vinnum með opinn leikefnivið þar sem börnin fá tækifæri til að rannsaka og uppgötva í eigin hraða, ásamt því að þau fá að viðfangsefni sem hvetja þau til að nýta eigin sköpunargáfu. Með áherslu á hæglæti, flæði og jákvæða sálfræði viljum við tryggja að börnin fái stuðning við að nýta eigin styrkleika og tilfinningalega vellíðan í leik.

Þegar kemur að efniviði þá tökum við mið af kenningunni um Flæði þar sem börnin eru hvött til að vinna að viðfangefnum sem eru í senn krefjandi en framkvæmanleg, þannig að þau upplifi ánægju og árangur í leik. Í gegnum uppgötvunarnám fá börnin að leika og læra í samspili við umhverfi sitt, leikefnivið og aðra. Skapandi starf og samspil með öðrum eru einnig í forgrunni þar sem félagsleg samskipti eru styrkt í gegnum samvinnu við aðra þar sem aðilar deila hugmyndum og upplifunum.

LEIKUR Á SVÆÐUM

Hluti af dagsskipulagi í Uglukletti er stöðvavinna. Við erum með stöðvavinnu frá klukkan 9:00 á morgnanna. Þá fara kennarar

á fyrir fram ákveðnar stöðvar og bjóða börnunum upp á ögrandi og skemmtileg verkefni. Börnin

geta auk þess haft áhrif á hvaða verkefni þau gera og hvernig þau eru framkvæmd. Þær

stöðvar sem eru í boði eru t.d málörvun, listakrökur, hreyfistund í sal, útinám,

stærðfræði og vísindi. Stöðvarnar taka mið af grunnþáttum aðalnámskrár en ýmsir

aðrir þættir geta líka haft áhrif svo sem áhugasvið barna og starfsmanna, árstíðir og þemavinna. Hver starfsmaður hefur umsjón

með sinni stöð í einn mánuð. Á þann hátt getur starfsmaður dýpkað sig í sinni vinnu

en jafnt fram tekist á við mismunandi verkefni. Ekki er fyrir fram ákveðinn fjöldi barna og tími á

hverri stöð heldur ræðst það af börnunum sjálfum og verkefnunum sem er verið að vinna að. Þau börn sem eiga

erfitt með að finna sér viðfangsefni og vilja flakka á milli verkefna fá aðstoð starfsfólks við að staldra lengur við og finna sér verkefni við hæfi.

Ekki er lagt fast að því að öll börnin komi á allar stöðvarnar heldur velja þau sér verkefni eftir áhugasviði sínu. Við höfum þá sýn að ef einstaka





barn vill ekki fara á tiltekna stöð þá þarf sá fullorðni að finna aðra leið til að ýta undir þá þroska þætti sem vinna átti með í verkefninu. Með þessu móti vekjum við áhuga barnanna á jákvæðan hátt.

Könnunarleikurinn er námskerfi þar sem börnin fá þjálfun í að finna upp á hlutum sjálf og fái þau fá næði og frið án leiðbeininga frá fullorðnum uppgötva þau hlutina sjálf. Könnunarleikur tengist könnunarnámi sem byggist á virkni námsmannsins, leitað er eftir möguleikum og lausnum. Áherslan er á ferlið í leiknum frekar en staðreyndir, það sem er rétt og rangt. Börnin læra að nota einbeitinguna og fá mikla örvun í leik auk þess sem þau þroska skynjun og hreyfingar, bæði fin- og grófhreyfingar. Könnunarleikurinn er góður undirbúningur fyrir annað nám barnanna og þau öðlast t.d. sjálfstæði, þau eiga auðveldara með að finna sér verkefni og una sér í þeim. Þau fá einnig tækifæri til að auka orðaforða og hugtakaskilning, öðlast aukinn félagsþroska og færni í samskiptum eykst (Bilewicz-Kuźnia, 2017).

Í könnunarleik leika börnin sér með mismunandi opinn efnivið. Með þennan efnivið geta þau leikið frjálst, án afskipta hins fullorðna þó hann sé til staðar og fylgist með. Dæmi um opinn efnivið eru hinar ýmsu tegundir íláta, hlutir sem rúlla, keðjur af ýmsum stærðum og gerðum, þvottaklemmur, efnisbútar, hlutir með mismunandi áferð, slöngubútar, lyklar og svo mætti lengi telja.

UPPHAF LEIKSKÓLADVALAR

Samstarf heimilis og leikskóla hefst áður en barnið byrjar í leikskólanum. Foreldrum er boðið til kynningarfundar í leikskólanum þar sem þeim eru sýnd húsakynni leikskólans, veittar upplýsingar um starfið og starfsfólkið auk þess sem aðlögunarferlið er kynnt. Mikilvægt er að standa vel að málum þegar barn byrjar í leikskóla þar sem það er alveg ný reynsla fyrir barnið og allt er ókunnugt og framandi. Markmið aðlögunar eru að efla öryggiskennd og vellíðan barns og foreldra, koma á gagnkvæmum kynnum milli fjölskyldu barnsins og leikskólans og byggja upp traust milli allra aðila.

Þegar barn byrjar í leikskóla er það stór stund í lífi bæði þess og foreldranna. Fyrir margar fjölskyldur eru þetta tímamót sem krefjast breytinga á högum þeirra og valda oft streitu. Til að auðvelda aðallega

börnunum en líka foreldrum og starfsfólki umskiptin höfum við í Uglukletti ákveðið að fara þá leið að hafa svokallaða þátttökuaðlögun. Er þetta aðferð sem byggir á hugmyndafræði í anda Reggio Emilia og byggir á því að ekki sé verið að venja barnið við að vera skilið eftir í leikskólanum, heldur sé það að læra að vera í nýjum aðstæðum. Aðlögunin byggir á fullri þátttöku foreldranna í starfi leikskólans þá daga sem hún á sér stað (Mantovani, 2001).

Við þátttökuaðlögun er tiltekinn dagur upphafsdagur leikskólans og þann dag mæta flestir foreldrar og börn sem eiga að byrja á sömu deild, saman í leikskólann. Foreldrar eru með börnunum í þrjá daga, fyrsta daginn frá 9.00 – 12.00 en næstu tvo daga frá 9.00 – 15.00 (þeirra vistunartíma). Foreldrar eru inn á deildum með börnunum allan tímann. Foreldrarnir sinna eigin börnum, skipta á þeim, gefa þeim að borða, leika með þeim og eru til staðar. Starfsfólkið tekur að sjálfsögðu líka þátt, skipuleggur daginn, deilir út verkefnum og er til staðar. Á fjórða degi koma börnin um morguninn, kveðja foreldranna og eru svo allan daginn (sinn vistunartíma) Einstaka börn hafa foreldra sína með sér í fjóra daga ef foreldrar og starfsfólk meta aðstæður þannig.

Þátttökuaðlögun byggir meðal annars á þeirri trú að foreldrar smiti eigin öryggi, forvitni og spennu fyrir þessum nýju aðstæðum til barna sinna. Öruggr foreldrar = örugg börn. Með því að foreldrar séu fullir þátttakendur frá fyrsta degi öðlast þeir öryggi um dagskipulagið og það sem á sér stað í leikskólanum. Annar kostur er að foreldrar tengjast hver öðrum og milli þeirra skapast oft vinskapur.

Ef barnið er að koma af öðrum leikskóla er ekki víst að það þurfi þetta langan tíma með foreldrinu, það er metið í samráði við foreldra og deildarstjóra í hverju tilviki fyrir sig.



STARF ELSTU BARNA

Í leikskólanum eru Fálkarnir hópur elstu barna sem takast á við verkefni sem reyna bæði á andlega og líkamlega færni þeirra. Hugað er að hverju barni fyrir sig og unnið með styrkleika hvers og eins í samræmi við námskrá og áherslur leikskólans. Auk þess er samstaða innan hópsins efld enn frekar. Við vinnum að því að gera börnin sjálfstæð í daglegu lífi, efla tilfinninga- og félagsþroska þeirra auk þess að vinna að styrkum stoðum



sem styðja við áframhaldandi nám þeirra. Auk þess leggjum við áherslu á að efla hljóðkerfisvitundina með fjölbreyttum aðferðum vegna þess að hún er undirstaða undir frekari lestrarfærni.

Í Fálkahópnum leggjum við áherslu á hópefli, útikennslu og vettvangsferðir. Í vettvangsferðunum er nágrenni Grunnskólans í Borgarnesi í brennidepli svo þau séu örugg á því svæði þegar í grunnskólann er komið. Auk þess er farið á fleiri staði, eins og á söfn, í sveitina, upp í Einkunnir, vinnustaðir heimsóttir og fleira sem okkur dettur í hug hverju sinni. Við nýtum þann efnivið sem við finnum í náttúrunni til náms og markmið útikennslu eru höfð að leiðarljósi. Í leikskólanum eru unnin verkefni í umhverfi Uglukletts.

Þá er skólabyggingin nýtt til fjölbreyttra viðfangsefna til að auka færni barnanna og byggja upp þekkingu sem nýtist í byrjun skólagöngu. Einnig eru áherslur hins daglega lífs í leikskólanum nýttar til þess að undirbúa börnin betur undir áframhaldandi nám.

GRUNNPÆTTIR OG NÁMSSVIÐ

LÆSI OG MÁLÖRVUN

Samskipti við aðra eru okkur mikilvæg. Það að geta skilið aðra, gert þeim skiljanlegt hvað það er sem manni býr í brjósti og leyst ágreining, er grunnur að þátttöku í hvaða samfélagi sem er. Við ýtum undir málþroska og hljóðkerfisvitund barnanna með almennri málörvun og þau börn sem þurfa á aðstoð að halda á þessum sviðum fá markvissa málörvun. Öll málörvun fer fram í gegnum leik og daglegar athafnir.

Við setjum orð á það sem við erum að gera, fáum börnin til að segja frá og nota þannig málið. Mikilvægt er að geta lesið í annars konar boðskipti en tungumálið, s.s. líkamstjáningu, raddblæ og látbragð. Við gerum ritmál sýnilegt, lesum mikið bækur, búum til sögur, spilum spil, lærum söngtexta og kynnum börnunum bókstafina eftir þeirra áhuga. Starfsfólk er meðvitað um stöðu sína sem fyrirmyndir á þessu sviði sem öðrum.

Hljóðkerfisvitund barna hefur áhrif á lestrar- og námsfærni þeirra. Því er mikilvægt að ýta undir þroska hennar og undirbúa þannig lestrarnám. Við viljum efla málskilning, málnotkun, hlustun, orðaforða og hugtakaskilning barnanna. Þannig geta þau tjáð vilja sinn, hugsanir, tilfinningar, skoðanir og fyrirætlanir. Eigi barn erfitt með að bera fram málhljóð á réttan hátt fá þau aðstoð við að æfa sig í framburði. Stundum þarf að grípa til annarra aðferða en talmálsins og notum við þá til dæmis Tákn með tali eða myndir.



SKÖPUN OG TÓNLIST

Skapandi starf í Uglukletti byggir á því að bjóða börnum tækifæri til að rannsaka, gera tilraunir með efnivið og skapa í eigin hraða, með áherslu á ferlið frekar en útkomuna. Við viljum skapa umhverfi þar sem börn eru hvött til að nýta hugmyndaauðgi sína, hugrekki, forvitni og sköpunargáfu. Lögð er áhersla á að bjóða upp á fjölbreyttan efnivið, bæði efnivið sem börnin geta unnið með á hefðbundinn hátt og nýjar áskoranir sem krefjast þess að hugsað sé út fyrir kassann, hugmyndir nýsköpunar séu nýttar auk þess sem ýtt er undir samvinnu. Unnið er að því að börnin fái tækifæri til að prófa sig áfram, gera tilraunir og



læra af mistökum, sem er mikilvægt fyrir sjálfstraust þeirra og tilfinningalegan þroska.

Skapandi starf getur með þessum hætti styrkt félagslega hæfni, þjálfað fínhyrfingar og hjálpað börnum að þróa ákveðna færni, svo sem að takast á við áskoranir, koma á framfæri hugmyndum og vinna saman að sameiginlegu verkefni.

Í listakróknum fer til dæmis fram skapandi vinna. Þar er boðið upp á efnivið og viðfangsefni sem börnin velja að koma og vinna með en þau geta líka gengið í pappír, liti og fleira og skapað eitthvað af eigin frumkvæði. Mikið er unnið úr endurnýtanlegum efniviði, málað, klippt, límt og litað, allt eftir hugmyndaflugi barna og starfsfólks.

Áhersla er lögð á ferlið og gleðina við sköpunina en ekki endilega á útkomuna sjálfa. Börnin gera tilraunir með efniviðinn, gleyma sér við að prófa eitthvað nýtt, finna áferð og eiginleika auk þess sem þau bæta í reynslubankann.

Tónlist og vinna með hana getur verið skapandi og gefandi upplifun. Í tónlistarstundum með börnum fer tónlistariðkun fram sem leikur en í gegnum hann tengist barnið öðrum á eðlilegan og afslappaðan hátt. Í gegnum leikinn þjálfum við helstu grunnþætti tónlistar eins og hreinan söng, hljóðfæraleik, virka hlustun og hreyfingu í dansformi. Síðast en ekki síst opnum við fyrir þeim heim tónlistar til að gleðjast og njóta. Í hverjum tíma eru þessir grunnþættir hafðir að leiðarljósi. Unnið er eftir þroska barnanna til þess að örva sjálfstraust, þroska samhæfingu og samskiptahæfileika. Við hættum ekki að njóta tónlistar á ýmsa vegu af því við verðum gömul heldur verðum við gömul af því að við hættum að leika okkur með tónlistinni. Við syngjum síðan öll saman í vikulegri söngstund á föstudagsmorgnum og höfum gleði og gaman.



SJÁLFBÆRNI, ÚTINÁM OG UPPLIFUN Í NÁTTÚRUNNI

Börnin fara í gönguferðir með kennurum þar sem lögð er áhersla á að fræðast um náttúruna og umhverfið í kringum okkur. Fylgst er með breytingum sem verða á gróðri og dýralífi eftir árstíðum, ásamt því að nýta þann efnivið sem á vegi okkar verður. Einnig er lögð áhersla á að nota gönguferðir og útiveru til að njóta náttúrunnar og það sem hún hefur upp á að bjóða í ró og næði. Börnin eru hvött til að njóta hvers augnabliks og þess sem umhverfið býður upp á á þeirra eigin forsendum

og á sínum hraða. Þessi nálgun stuðlar að hæglæti og dregur úr áreiti, sem hefur róandi áhrif á taugakerfið.

Í gönguferðunum kynnast börnin nærumhverfi skólans og því sem það býður upp á. Útinámsverkefni eru notuð til útikennslu til að auka skilning á náttúru, vísindum og umhverfi þar sem verkefnin eru leyst við aðrar aðstæður heldur en leikskólinn býður uppá innandyra. Með útikennslu fá börnin aukna hreyfingu, meira þol og betri hreyfifærni ásamt því að auka einbeitingu og styrkja félagslega færni. Með því að upplifa náttúruna með öllum skilningarvitum styrkja þau tengsl sín við umhverfið og efla vitund sína um umhverfið.

Náttúruþerlur eru allt í kringum og í næsta umhverfi Uglukletts, eins og fjörur, klettar, fjöll og víðáttumikil svæði. Í vinnu með börnunum er mikið lagt upp úr að börnin kynnist þeim, með það í huga að efla umhverfisvitund og virðingu fyrir náttúrunni auk þess að bjóða upp á fjölbreytt tækifæri til að njóta hvernar stundar og iðka hæglæti. Við heimsækjum einnig ýmsa skemmtilega staði í Borgarnesi og nærumhverfi meðal annars Bjössaróló, Skallagrímssgarð, Englendingavík og Einkunnir. Á þessum stöðum gefum við okkur tíma til að fylgjast með fuglalífi, skordýrum, skoða tré, njóta kyrrðarinnar og þess sem náttúran hefur upp á að bjóða. Í gegnum listsköpun útivið og vinnu með náttúrulegan efnivið fá börnin fá tækifæri til að tjá sig og nýta hugmyndaflug sitt á sínum forsendum.

HEILBRIGÐI OG VELLÍÐAN

Í Uglukletti leggjum við áherslu á hreyfingu bæði úti og inni. Hreyfing stuðlar meðal annars að líkamlegri og andlegri vellíðan, gleði, snerpu og eykur þor. Mikilvægt er að umhverfið bjóði upp á möguleika til gróf- og fínhreyfinga til að styrkja barnið líkamlega, andlega og félagslega úti og inni. Við erum með hefðbundnar hreyfistundir í sal auk þess sem við förum í göngutúra og nýtum lóð leikskólans og nágrennis til hreyfingar. Markmiðið er að efla alhliða þroska barnsins og líkamsvitund. Sjálfsöruggt og ánægt barn á auðveldara með að leika sér og tileinka sér þekkingu. Markviss hreyfipjálfun hefur einnig áhrif á málþroska og málskilning barna og þar með eykst félagsfærni og leikgleði sem eflir vináttubönd. Börn hafa mikla þörf fyrir að hreyfa sig



frjálst og óhindrað, hreyfing er börnum eðlislæg og stuðlar að líkamlegri og andlegri vellíðan, gleði, snerpu, þori og þoli.



Í skólanum er hreyfipörf barnanna virt og örðuð og læra börnin að þekkja og skynja líkamann sinn bæði með tilliti til gróf- og fínhreyfinga. Okkur finnst mikilvægt að viðhalda fjölbreytni í hreyfistundum og muna eftir gleðinni. Við leggjum áherslu á hreyfingu úti, bæði í garði leikskólans og utan hans. Þar nýtum við hugmyndafræði útináms og hæglætis þar sem við förum í göngutúra og börnin kynnast umhverfi leikskólans. Með útikennslu fá börnin aukna hreyfingu, meira þol og betri hreyfifærni ásamt því að auka einbeitingu og styrkja félagslega færni. Okkur finnst mikilvægt að viðhalda fjölbreytni í hreyfistundum og muna eftir gleðinni.

Jóga og núvitund fela í sér hreyfingar sem efla líkamlegt heilbrigði, eykur liðleika, styrk og jafnvægi ásamt því að íhugunaræfingar, öndunaræfingar stuðla að hugarró og iðka hæglæti. Í leikskólanum er börnunum boðið upp á jóga sem lið í hreyfingu en hægt er að stunda það innan eða utan dyra. Við vinnum með teygjuæfingar, slökun og einbeitingu. Með eldri börnum lesum við sögur sem eru ævintýrahugleiðslur, börnin liggja á dýnum, hlusta og æfa sig í að slaka á og ná innri ró.

STÆRÐFRÆÐI OG VÍSINDI

Vísindavinna er mikilvægur þáttur í að bæta í reynsluheim barnanna, styðja við fróðleiksporsta og forvitni þeirra. Þau kanna og ræða samhengi fyrirbæra í umhverfi sínu. Til að auka skilning barnanna á stærðfræði eru unnin ýmis verkefni sem tengjast tölum, fjölda, formum, stærðfræðihugtökum og fleiru tengdu stærðfræði. Leikskólinn nýtir sér til dæmis stærðfræðináms efni sem heitir Numicon og einingakubbar. Með þessu náms efni er lögð áhersla á að læra um tölur og fjölda á sjónrænan hátt. Við gerum alls konar tilraunir og leikum okkur á þann hátt með mismunandi efni og könnum eðli þeirra.



KUBBAR

Kubbar eru góður efniviður í uppgötvunarnámi og eigum við í Uglukletti t.d. einingakubba – og hollow kubba. Þegar börn byrja að vinna með kubba eru byggingar einfaldar en með aukinni færni og þekkingu á eiginleikum kubbanna þróast byggingarnar, verða flóknari og smáatriði bætast við. Með því að fá tíma og rými til að gera tilraunir og láta reyna á eiginleika kubbanna eflist útsjónasemi barnanna. Með blönduðum aldri, getu og þroska læra börnin hvert af öðru þó svo ekkert rétt svar sé til í vinnunni með kubbana. Ferlið skiptir meira máli en útkoman sjálf og nám á sér stað í aðstæðum sem einkennast af gleði, einbeitingu og hugmyndaauðgi.

Eininga og Hollow kubbar (stóru/holu kubbar) eru þó í eðli sínu ólíkir þar sem að í stóru kubbunum verður barnið hluti að þeim byggingum og heimi sem það býr til en í einingakubbunum stendur barnið oft fyrir utan bygginguna og er sjónarhornið því annað. Þessar tegundir kubba vinna að því að skapa skemmtilegan heim með ólíkri nálgun. Verkefni barnanna á kubbasvæðum fá að standa á milli daga og jafnvel lengur ef byggingin er í þróun. Oft gefast tækifæri til þess að geyma önnur verkefni og koma að þeim aftur þegar áhugi kviknar á ný.



GÓÐIR VINIR OKKAR

NÆRSAMFÉLAG

Í Uglukletti er lagt upp úr að kynna fyrir börnunum ýmsar stofnanir og starf í nærsamfélaginu, sem og náttúruna í umhverfi okkar. Markmiðið er að börnin kynnist og fái að taka þátt í því samfélagi sem þau lifa í. Öll börnin fá kynningu á nærsamfélaginu í einhverju mæli en þó er sérstaklega lögð áhersla á þennan þátt í starfi Fálkanna (elstu börnin). Ugluklettur á fullt af góðum vinum um allt Borgarnes og nágrenni. Þessir góðu vinir okkar hafa oft og tíðum aðstoðað okkur með því að gefa okkur efni og lagt okkur lið á margvíslegan hátt s.s. Húsasmiðjan og KB. Einnig ber að nefna aðila eins og slökkviliðið, lögregluna, björgunarsveitina, Ölduna, Kvikuna og Safnahúsið sem hafa komið til okkar eða boðið okkur í heimsóknir til sín.

Við höfum auk þess verið boðin í heimsóknir á vinnustaði foreldra, í kakóheimsóknir innan bæjar og í heimsóknir til barna sem búa t.d. upp í sveit. Okkur þykir mjög vænt um þetta samband okkar við nærsamfélagið og gerum okkar besta til að halda því á lofti.

SAMSTARF LEIKSKÓLA

Gott samstarf er við alla leikskóla Borgarbyggðar en þó er samstarfið einna mest við leikskólann Klettaborg í Borgarnesi og þá sérstaklega á milli elstu hópanna. Samstarfið fer helst fram í formi sameiginlegra stunda í íþróttahúsinu, heimsókna og samvinnu í vorskóla og tómstundaskóla. Markmiðið með samstarfi okkar við aðra leikskóla er að börnin kynnast jafningjum sínum sem þau munu líklega hitta fyrir í grunnskóla en það styrkir félagsleg tengsl og gerir þau umskipti, sem verða þegar barn fer í grunnskóla, auðveldari. Auk þess sem það að kynnast öðrum börnum styrkir félagslega og tilfinningalega færni barnanna og skapa skemmtilegra og fjölbreyttara námsumhverfi.

SAMSTARF LEIK- OG GRUNNSKÓLA

Tilgangurinn með samstarfi milli skólastiga er að skapa samfellu í námi barna, koma til móts við þarfir þeirra og stuðla að markvissari uppbyggingu náms nemenda. Mikilvægt til að ná



Þessum markmiðum er að treysta á gagnkvæma þekkingu og skilning kennara á þessum tveimur skólastigum á starfi og starfsaðstæðum hvers annars. Markmiðið er að stuðla að vellíðan og öryggi barna og foreldra þegar börnin flytjast á milli skólastiga.

Til þess að ná þessum markmiðum er mikilvægt að samræmi sé milli þess sem börn vinna með eða gera í leikskólanum og þess sem unnið er að í grunnskólanum; að kröfur og væntingar í sambandi við vinnubrögð, nám og samskipti séu rædd og mótuð og séu öllum kunn. Ekki er stefnt að því að allt eigi að vera eins á skólastigunum heldur að mismunurinn sé innan þeirra marka að hann valdi ekki óöryggi og kvíða hjá börnum og foreldrum þeirra.

Í Aðalnámskrám grunn- og leikskóla segir:

Ef flutningur barna úr leikskóla í grunnskóla á að vera farsæll þarf að undirbúa hann vel fyrir og eftir lok leikskólanáms. Leikskólabörn eiga að fá tækifæri til að kynnst umhverfi og starfi grunnskóla meðan þau eru enn í leikskóla og viðhalda góðum tengslum við leikskólann eftir að grunnskólanám hefst.

Á öðrum stað standur:

Tengsl leikskóla og grunnskóla er samstarfsverkefni barna, foreldra, kennara og annars starfsfólks beggja skólastiga, þar sem barnið, velferð þess, þroski og menntun eru í brennidepli. Kennarar á báðum skólastigum eiga að kynna sér nám og starfsaðferðir hvers annars, leita leiða til að móta samstarf og skapa samfellu í námi barna í því augnamiði að auka sjálfstraust barna og styðja við nám þeirra. Samstarfsáætlun Uglukletts og Grunnskólans í Borgarnesi byggir á þessum áherslum. Til að efla samfelluna má nýta enn frekar þá hugmyndafræði sem liggur að baki einstaklingsmiðuðum starfsháttum. Í samstarfsáætluninni er gert ráð fyrir nemenda- og kennaraheimsóknunum, stjórnendafundum og kynningarfundum. Áætlunin getur breyst á milli ára.

GRUNNSKÓLAHEIMSÓKNIR OG VORSKÓLI

Á hverjum vetri heimsækja börnin Grunnskóla Borgarness tvisvar sinnum í fámennum hópum og fara þá inn í 1. bekk. Að vori fara börnin í þriggja daga heimsókn í Grunnskóla Borgarness ásamt elstu börnunum í leikskólanum Klettaborg. Þar eru þau eins og einn bekkur og fá að æfa sig í nýjum aðstæðum. Markmiðið er



að gera börn og foreldra öruggari með færslu úr leikskóla í grunnskóla.

Tilgangur og markmið heimsókna Fálkanna grunnskólann eru að auðvelda börnunum færslu úr leikskóla í grunnskóla. Þau kynnst nýjum aðstæðum, umhverfi, félögum, kennurum og starfsfólki sem þau munu hitta í fyrsta bekk. Þau upplifa hvernig það er að vera í stærri hóp og vinna með nýjum börnum auk þess sem þau hitta eldri nemendur sem geta verið fyrirmyndir og stuðningur í aðlögunarferlinu. Í þessum heimsóknum fá þau innsýn í skólastarfið og hvernig daglegt

líf í grunnskólanum gengur fyrir sig en þetta dregur úr óvissu og eykur öryggistilfinningu fyrir komandi breytingar því þau skilja betur hvað muni breytist og hvernig þau geta undirbúið sig. Unnið er að því að gera grunnskólann að spennandi stað í huga barnanna þar sem þau fá að taka þátt í verkefnum sem vekja forvitni og áhuga á námi. Þessar heimsóknir eiga því hjálpa börnum að taka fyrsta skrefið í grunnskólagöngu sinni með jákvæðni, öryggi og forvitni að leiðarljósi.

OPINBERAR STOFNANIR

Farið er með börnin í heimsóknir í hinar ýmsu stofnanir. Má þar til dæmis nefna lögreglustöðina, slökkviliðsstöðina, björgunarsveitina, bókasafnið og ýmis söfn. Þar er tekið á móti okkur og börnin fá kynningu á starfsemi þessara stofnana og fá að skoða innviði þeirra. Þau fá að prófa ýmis tæki og tól og fá fræðslu er varðar þessar stofnanir.



FORELDRAR

Leikskólinn er lögum samkvæmt fyrsta skólastigið í menntakerfinu og annast að ósk foreldra nám barna á leikskólaaldri. Foreldrar bera meginábyrgð á uppeldi barna sinna og er leikskólanám viðbót við uppeldi foreldra en á engan hátt ætlað að koma í stað þess (lög um leikskóla, 90/2008). Foreldrasamstarf byggist á þessum grundvallaratriðum og því er mikilvægt að foreldrar þekki starfsfólk leikskólans og að samskiptin byggist á gagnkvæmri virðingu og trausti. Við leggjum mikla áherslu á góð samskipti og það að foreldrar séu óhræddir við að koma og ræða við okkur um hvaða málefni barnsins sem er. Foreldrar og starfsfólk vinna saman að því að gera það besta fyrir hvert barn hverju sinni og sýna traust, trúnað, sveigjanleika og sanngirni.

Í Uglukletti er áhersla lögð á góð samskipti og samstarf við foreldra. Foreldrar bera frumábyrgð á uppeldi barna sinna en leikskólastarfið er viðbót við það uppeldi sem börnin fá á heimilum sínum. Í leikskólanum er borin virðing fyrir tíma foreldra og barna og mikilvægi samveru þeirra. Þegar barn byrjar hjá okkur í leikskólanum fara foreldrar og börn í gegnum aðlögunarferli sem nefnist þátttökuaðlögun.

Dagleg samskipti og upplýsingastreymi til foreldra eru mikilvægir þættir sem stuðla að traustu og jákvæðu sambandi milli heimilis og skóla. Í Uglukletti eru upplýsingatöflur í forstofu þar sem skrifaðar eru ýmsar upplýsingar til foreldra sem koma þarf á framfæri. Leikskólinn gefur út vikufréttir þar sem fram koma nánari upplýsingar um það sem er á döfinni hverju sinni.

Við viljum að foreldrar séu óhræddir við að koma og ræða um hvaða málefni barnsins sem er. Við hvetjum þá til að koma, láta í sér heyra og „skipta sér af” skólastarfinu. Við nýtum til dæmis foreldramatsblöð í tengslum við foreldrasamtöl en þar eru spurningar sem snúa að áhugasviði barnsins, styrkleikum auk þess sem hugað er að næstu skrefum í námi þess.

Ýmsar upplýsingar um starfið má finna í foreldrahandbók skólans.

FORELDRARÁÐ

Samkvæmt lögum um leikskóla (2008, nr. 90 9.gr) skal vera starfrækt foreldraráð í hverjum leikskóla og skal leikskólastjóri hafa frumkvæði að stofnun þess og kosningu í ráðið. Foreldraráð er skipað a.m.k. þremur foreldrum og skal kosning fara fram í september ár hvert og kosið til eins árs í senn. Ráðið setur sér starfsreglur sem það vinnur eftir og ber leikskólastjóra að vinna með ráðinu.

Hlutverk foreldraráðs leikskóla er effirfarandi:

-  Gefa umsagnir til leikskóla og leikskólanefndar um skólanámskrá og aðrar áætlanir er varða starfsemi leikskólans
-  Fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum
-  Hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi

FORELDRAFÉLAG

Við leikskólann Ugluklett er starfandi foreldrafélag en aðild að félaginu er val hvers foreldris. Á haustfundi leikskólans eru kosnir 5 fulltrúar í stjórn foreldrafélagsins ásamt varamönnum. Verkefni foreldrafélaga eru margvísleg og geta þau stutt vel við leikskólastarfið. Það er því hagur hvers leikskóla að hafa öflugt og virkt foreldrafélag. Meðlimir í foreldrafélaginu greiða ákveðna upphæð í sjóð sem notaður er í ferðir, vorhátíðir, leiksýningar o.fl.

FORELDRASAMTÖL

Tvisvar á ári bjóða deildarstjórar foreldrum í foreldrasamtöl. Þar fá þeir upplýsingar um stöðu og líðan barnsins í leikskólanum sem byggðar eru á athugunum á færni og þroska barnsins í leik og starfi. Foreldrum gefst þá einnig tækifæri til að spyrja spurninga og veita gagnkvæmar upplýsingar um barnið. Alltaf er hægt að óska eftir foreldrasamtali við deildarstjóra þegar þörf er á.

FORELDRAFUNDIR

Foreldrafundur er haldinn einu sinni á ári, að hausti til. Þar fá foreldrar margvíslegar upplýsingar um leikskólastarfið, skólanámskrá leikskólans og aðrar áætlanir í skólastarfinu. Foreldrum gefst tækifæri til að skiptast á skoðunum um leikskólauppeldi og þátttöku þeirra í leikskólastarfinu.



FARSÆLD BARNA

Tekið hafa gildi lög (86/2021) sem styðja við farsæld barna. Lög þessi eiga að sjá til þess að börn og foreldrar hafi greiðan aðgang að þeirri þjónustu sem þau þurfa og að þau fái rétta aðstoð á réttum tíma, frá réttum aðilum. Með því að tengja þjónustuna saman og vinna í

sameiningu að farsæld barna verður auðveldara fyrir börn og foreldra að fá aðstoð við hæfi.

Starfsfólki sem vinnur með og fyrir börn ber að vinna saman að farsæld þeirra. Starfsfólk leik-, grunn- og framhaldsskóla, félagsþjónustu, íþróttta, tómstunda eða heilbrigðisþjónustu hefur fengið aukna ábyrgð sem felur í sér að koma auga á aðstæður barna og bregðast við strax og þörf er á. Kynna þarf samþættingu og þá möguleika sem henni fylgja fyrir foreldrum og einnig hlutverk tengiliða í skólum. Samþætting kemur ekki í veg fyrir að foreldrar sækja sjálfir þjónustu fyrir börn sín heldur er markmiðið með farsældarlögunum að bæta enn frekar þjónustu við börn og fjölskyldur svo að þau fái notið þeirrar aðstoðar sem þau eiga rétt á um leið og þess gerist þörf. Útgangspunkturinn í öllu sem við gerum á að vera barnið og hagsmunir þess.

SKIPULAG STOÐÞJÓNUSTU OG VERKFERLAR

Stoðþjónusta í leikskólum byggir á lögum um leikskóla frá 1994, 6. kafla og reglugerða þar að lútandi. Börn sem vegna fötlunar, tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika þurfa sérstaka aðstoð og þjálfun, eiga rétt á henni í leikskólanum undir handleiðslu sérfræðinga. Börn með sérþarfir eru þau börn sem taka verður sérstakt tillit til í leikskólastarfinu á einhvern hátt s.s. vegna fötlunar, einhvers konar frávika í þroska, félagslegra og/ eða tilfinningalegra erfiðleika eða frávika í málþroska eða framburði. Í þessum tilfellum getur bæði verið um að ræða börn sem eiga við langvarandi erfiðleika að etja og önnur sem með aðstoð geta unnið bug á sínum tímabundnum erfiðleikum.

Undir stoðkerfi leikskólans falla meða annars:

-  Sérkennsla/stuðningur
-  Skólasálfræðingur
-  Talmeinafræðingur
-  Atferlisfræðingur
-  Virknimatsráðgjafi
-  Heilsugæsla (4.5 ára skoðun/ þroskamát Brigance)
-  Félagsþjónustan

Sérkennslustjóri ber ábyrgð á og stjórnar skipulagningu, framkvæmd og endurmati sérkennslu ásamt því að veita ráðgjöf og miðla upplýsingum til annarra starfsmanna og foreldra/forráðamanna. Hann er í nánú samstarfi við sérfræðinga utan leikskólans, situr teymisfundi og einnig foreldrasamtöl sé þess óskað og hefur yfirumsjón með gerð einstaklingsáætlana og reglulegs endurmats á þeim. Ef það kviknar grunur um frávík í þroska barns eða erfiðleikar koma fram í



hegðun þess eða líðan er fyrsta skrefið að það eigi sér stað samtal á milli heimilis og leikskóla. Úrræði sem finnast innan leikskólans eru nýtt til þess að bregðast við málinu í samráði við foreldra og sjá deildarstjóri/hópstjóri og sérkennslustjóri um að þeim úrræðum sem sett eru af stað sé fylgt eftir.



Í samræmi við niðurstöður athuganna er gerð einstaklingsáætlun með mælanlegum markmiðum fyrir barnið. Við gerð einstaklingsáætlanna er oft stuðst við AEPS - Assessment, Evaluation, and Programming System for Infants and Children (Diane Bricker) ef það á við. AEPS er færnimiðað matskerfi sem nýtt er til þess að búa til einstaklingsnámskrá og skipuleggja íhlutun. Einstaklingsáætlunin tekur mið af þeim frávikum sem komið hafa fram, reynt er að hafa markmið hennar afmörkuð og auðlesin, þannig að auðvelt sé að meta árangur. Foreldrar eru þátttakendur í gerð einstaklingsáætlunar, þeir fá ráðgjöf í samræmi við vandann og eru hvattir til þess að vera virkir þátttakendur í vinnu með barnið.

Fylgst er vel með framvindu íhlutunar og hún metin reglulega. Gátlistar, skráningar og áhorf eru nýttir til þess að meta framfarir. Ef árangur er ekki viðunandi er óskað eftir nánari athugun talmeinafræðings, atferlisfræðings eða sálfræðings.

Þegar talin er þörf á reglulegu og nánú samstarfi vegna barns eða í kjölfar athugunar hjá ráðgjafa er stofnað teymi í leikskólanum í samráði við foreldra. Í teyminu eru forráðamenn barns, deildarstjóri/hópstjóri, sérkennslustjóri og eftir atvikum starfsmenn og sérfræðingar eða ráðgjafar utan skólans sem koma að máli barnsins. Tilgangur teymisvinnu er að samhæfa og samræma markmið í tengslum við nám og kennslu barnsins.

Þegar tekin hefur verið ákvörðun um að vísa barni í leikskóla til athugunar hjá sérfræðingum, sérfræðiþjónustu Borgarbyggðar er fyllt út beiðni í samræmi við þá aðstoð sem óskað er eftir. Beiðnir til talmeinafræðinga og atferlisfræðings eru lagðar fyrir sameiginlegt lausnateymi leikskóla Borgarbyggðar þar sem mál eru lögð fyrir og rædd nafnlaust. Beiðnir til sálfræðinga eru lagðar fyrir nemendaverndarráð leikskólans. Sérkennslustjóri fyllir út beiðnir í samvinnu við foreldra. Hverju máli fyrir sig fylgja þau fylgigögn sem sérfræðiþjónusta Borgarbyggðar óskar eftir samkvæmt verklagsreglum þar um. Sérkennslustjóri er ábyrgur fyrir því að beiðnin og fylgigögn berist sérfræðiþjónustu Borgarbyggðar.

NEMENDUR MEÐ FJÖLBREYTTAN TUNGUMÁLA- OG MENNINGARBAKGRUNN


Í Uglukletti er haldið sérstaklega utan um nemendur með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. Í móttökuviðtali við upphaf leikskólagöngu er farið yfir móttökuáætlun þar sem meðal annars eru fengnar upplýsingar um heimamál og stöðu málþroska á því máli. Farið er yfir hvort það er eitthvað í þroska eða líðan barnsins sem foreldrar hafa áhyggjur af ásamt almennum upplýsingum sem leikskólinn þarf að vita um barnið. Íslenskukennsla og málörvun fer fram í daglegu starfi leikskólans í gegnum leik, lestur og fjölbreyttar samræður. Einnig er unnið í smærri hópum þar sem áhersla er lögð á að dýpka orðaforða út frá sérstökum þemum og unnið með málfræði. Viðhafðar eru reglulegar skráningar þannig að hægt sé að fylgjast með framvindu.



MAT Á LEIK, NÁMI OG VELFERÐ BARNNA

Mat á námi, þroska og velferð barna í Uglukletti byggir á fjölbreyttum gögnum og ígrundun á viðfangsefnum barna, áhuga þeirra, þroska, vitneskju, getu og skilning. Þessar upplýsingar nýtast til að efla á einstaklingsmiðaðan hátt námsumhverfi hvers og eins barns auk þess sem hugað er að velferð þess í samstarfi við foreldra. Markmið matsins er að auka þekkingu og skilning allra sem að barninu koma, starfsfólki og foreldrum, á þroska, líðan og námslegri framvindu til að geta komið til móts við hvert barn og veitt því námstækifæri og stuðning við hæfi. Með þessu móti er leitast við að hvert barn geti tekið virkan þátt í starfinu í Uglukletti á sínum forsendum.

Starfsfólk Uglukletts metur einnig skólastarfið sjálft til að ganga út skugga um að í Uglukletti sé unnið í samræmi við lög, reglugerðir og aðalnámskrár leikskóla auk þess að réttindi barna séu í forgrunni.



NÁMSÁÆTLANIR

Í Uglukletti er unnið með námskrár fyrir hvern árgang. Þar er tilgreint hvaða áherslur er lagt upp úr í námi barna á hverju aldursbili. Kennarar skipuleggja nám barnanna út frá áherslum í þessum námskrám en þær eru ólíkar eftir þroska og getu barnanna. Vetrinum er skipt upp í fjögur tímabil og er ein námskrá fyrir hvert þessara tímabila. Námskráin tekur til grunnþátta Aðalnámskrár og þar er hugað að öllum þeim námsþáttum sem leikskólum er skylt að sinna.

Á hverju þessara tveggja mánaða tímabila er hefur eitt ákveðið þema og lögð er áhersla á eitt gildi *Vináttuverkefnið Barnaheilla*. Í september og október vinnum við með *Ég sjálfur og virðing*. Í nóvember og desember taka við *Samfélagið og umburðarlyndi*. Í janúar og febrúar er unnið með *vísindi og hugrekki*. Í mars og apríl eru það svo *náttúran og umhyggja* sem eru í öndvegi. Námskrárnar eru rammi utan um starfið en hver kennari hefur mikið frelsi til að aðlaga þær að sínum barnahóp og og hefur þá til hliðsjónar áhuga og styrkleika barnanna.

Í leikskólanum er starfið í stöðugri þróun og þar á sér stað sífellt endurmat. Mat á leikskólastarfi hefur þann tilgang að tryggja að réttindi leikskólabarna séu virt og þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum um leikskóla. Mat á skólastarfi er tvíþætt: Annars

vegar er um að ræða mat sem er framkvæmt af starfsfólki leikskólans og er kallað innra mat. Hins vegar er um að ræða mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélags, ráðuneytis mennta- og menningarmála eða annarra aðila og er nefnt ytra mat. Markmið mats er að auka þekkingu og skilning leikskólakennara og annars starfsfólks, foreldra og barna á þroska barna, námi og líðan. Matið á einnig að tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla og að réttindi barna séu virt. Í leikskólanum er starfið í stöðugri mótun og þróun og þar á sér stað sífellt endurmat.



INNRA MAT LEIKSKÓLANS

Lögð er áhersla á að mat fari fram jöfnum höndum. Deildarstjórar og hópstjórar halda utan um skráningar á vinnu barnanna s.s. í hópatímum og öðrum tímum dagsins. Til þess nýtum við t.d ferilmöppur þar sem gögnum barnanna er safnað saman og námsáætlanir sem taka til tveggja mánaða í einu, þannig tekst að bera þekkingu áfram og miðla reynslu og því sem er verið að vinna með á hverjum tíma, börnunum til hagsbóta. Með því teljum við að yfirsýn verði bæði markviss, skýr og samræmanleg við alla námsþætti Skólanámskrár skólans. Uppeldisfræðilegar skráningar er matstæki sem við notum til að sjá hvernig vinnan hefur gengið, þær gefa góða yfirsýn yfir hvað gengur vel og hvað þarf að bæta. Þeir matslistar sem notaðir eru hér í leikskólanum eru t.d. Orðaskil, Hljóm2 og TRAS. Þá eru einnig notaðir listar eins og Íslenski þroskalistinn, Íslenski smábarnalistinn og fleiri.

Við leggjum áherslu á að samræma vinnubrögð fyrir þau börn sem eru á sama aldri og gerum það með samtali og samvinnu hópstjóra sem eru með sama aldur. Markmið okkar er einnig að efla teymisvinnu kennara með þessum hætti.

Deildastjórafundir eru haldnir reglulega þar sem farið er yfir áætlanir og starfið hverju sinni, það endurmetið og yfirfarið.

Deildafundir hafa verið mismunandi milli deilda. Yngri deildarnar hafa nýtt tímann þegar börnin sofa en eldri deildunum hefur gengið verr að finna tíma til þess að halda deildarfundum. Hefur verið lagt upp úr því að nýta hluta af tímum á starfsmannafundum og starfsdögum til þess að halda þessa fundi..

Lausnarteymisfundir eru haldnir aðra hvora í viku í leikskólanum.

Þá hittast leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri og fara yfir mál einstakra barna og önnur tilfallandi mál sem geta komið upp. Að auki eru teknar fyrir þær beiðnir sem liggja fyrir fundinum og þær afgreiddar. Annað lausnarteymi er sameiginlegt fyrir alla leikskólanna en þar hittast sérkennslustjórar eða annar tengiliður innan leikskólans auk starfsmanns skólaþjónustunnar. Fundirnir eru hugsaðir sem jafningjastuðningur og eru mál nemenda tekin fyrir nafnlaust og ópersónugreinanleg.

Börnin meta skólastarfið reglulega og eru matsaðferðir breytilegar og aðlagðar þroska barnanna. Sérstaklega er hugað að því að láta hugmyndir barnanna verða að veruleika og að skoðanir þeirra hafi þær bein áhrif á skólastarfið. Starfsfólk endurmetur leikskólastarfið reglulega með ýmsum hætti. Bæði er það gert á deildarfundum, starfsmannafundum, starfsdögum og svo á sérstökum matsfundi á hverju vori. Foreldrar og forráðamenn meta starfsemi leikskólans formlega annað hvert ár, þar sem þeir svara spurningarkönnun (frá Skólapúlsum).

Innra mat leikskólans er fastur liður í skólastarfinu og byggir það á virku samtali og samstarfi allra þátttakenda, þ.e.a.s. barna, foreldra og starfsfólks. Markmiðið er að tryggja að matið sé kerfisbundið og umbótamiðað þannig að það styðji við lærdómssamfélagið í Uglukletti. Við innra mat er lögð áhersla á að raddir barnanna fái að heyrast, þannig að þau upplifi að þeirra sjónarmið skipti máli og hafi áhrif á skólastarfið.

Í gegnum fjölbreyttar matsaðferðir og matstæki, svo sem samtöl, kannanir Skólapúlssins, teikningar og umræður, gefst þátttakendum í innra matinu tækifæri til að tjá skoðanir sínar og miðla upplifun sinni. Foreldrar taka einnig þátt með því að veita endurgjöf um reynslu sína og væntingar til leikskólastarfsins. Í Uglukletti er starfandi matsteymi sem heldur utan um gerð áætlana, s.s. 5 ára matsáætlunar, matsáætlunar fyrir hvern vetur og umbótaáætlunar. Niðurstöður matsins og hina ýmsu gagna sem það leiðir af sér eru nýttar til að þróa og bæta starfið í leikskólanum, með það að markmiði að skapa enn betra leik-, náms- og starfsumhverfi fyrir börn og starfsfólk auk þess að styrkja upplifun, traust og öryggi foreldra. Með þessari nálgun verður innra matið lifandi lýðræðislegt ferli sem styrkir menninguna í leikskólanum, þar sem allir taka virkan þátt.

TRAS – SKRÁNING Á MÁLÞROSKA BARNA

TRAS er skráningarkerfi þar sem haldið er utan um skráningu á málþroska barna frá tveggja ára aldri. Efnið var samið í Noregi af sérfræðingum á sviði sérkennslu og talmeinafræði. Listinn miðar að því að fylgjast með málþroska barna í daglegu leikskólastarfi og

Þannig sé hægt að skipuleggja málörvun fyrir þau börn sem á þurfa að halda (Björk Alfreðsdóttir o.fl., 2013). TRAS skráningin tekur til málskilnings, málvitundar, framburðar, orðaforða, setningamyndunar, félagsfærni, samskipta, einbeitingar og athygli (Björk Alfreðsdóttir o.fl., 2013). Deildastjóri heldur utan um skráninguna og fyllir inn í TRAS skráningarblaðið tvisvar sinnum á ári fyrir hvert barn.

HLJÓM- 2

Hljóm-2 er skimun sem lagt er fyrir Fálkahóp að hausti og endurtekið sex mánuðum síðar hjá þeim sem koma út með slaka færni. Prófið er í leikjaformi og kannar hljóðkerfisvitund nemenda. Með hljóðkerfisvitund er átt við að barnið geri sér grein fyrir að tungumál hefur ákveðið form og það skiptir ekki einungis máli hvað er sagt, heldur einnig hvernig það er sagt (Ingibjörg Símonardóttir, Jóhanna Einarsdóttir og Amalía Björnsdóttir, 2002). Foreldrar eru upplýstir um skimunina og niðurstöður hennar eru kynntar fyrir þeim. Unnið er með niðurstöðurnar og einstaka færniþætti eftir því sem þurfa þykir auk þess sem niðurstöðurnar eru hluti þeirra upplýsinga sem grunnskólinn fær um hver barn.

HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR

ÖRYGGISMÁL

Í leikskólanum er fyllsta öryggis gætt. Ef barn verður fyrir óhappi og þarf að fara til læknis er hringt í foreldra eins fljótt og hægt er og þeir látnir koma í leikskólann eða á heilsugæsluna. Öll óhöpp/slys sem þarf að sinna eru skráð í sérstaka bók svo hægt sé að fylgjast með hvar, hvenær og hvernig slysið/in gerast. Öll leikskólabörn eru slysatryggð á skólatíma.

BRUNAÁÆTLUN

Í leikskólanum er í gildi brunaáætlun sem er viðbragðsáætlun um aðgerðir ef upp koma þær aðstæður að rýma þurfi bygginguna. Brunaáætlunin er endurskoðuð tvisvar á ári og eftir þörfum.

ÁFALLAÁÆTLUN

Í leikskólanum er starfandi áfallaráð sem starfar samkvæmt áfallaáætlun leikskólans. Hlutverk áfallaráðs er að fara með verkstjórn þegar válegir atburðir gerast sem snerta nemendur og kennara leikskólans. Á heimasíðu leikskólans má finna ýtarlegri upplýsingar.

VIÐTALSTÍMI STARFSFÓLKS

Þó boðið sé upp á foreldrasamtöl tvisvar á ári er foreldrum velkomið að óska eftir viðtali við starfsfólk leikskólans telji þörf á.

SKÓLADAGATAL

Skóladagatal er gefið út fyrir hvert skólaár þar sem fram koma upplýsingar um frídaga, skipulags- og námskeiðsdaga starfsfólks og helstu viðburði í leikskólastarfinu.

UPPLÝSINGAGJÖF

Á heimasíðu leikskólans borgarbyggd.is/stofnun/ugluklettur má finna ýmsar upplýsingar um leikskólann, starfsfólk, daglegt líf barnanna í leikskólanum og atburði í skólastarfinu.

Atburðadagatal er gefið út í hverjum mánuði þar sem fram koma helstu viðburðir þann mánuðinn og afmælis dagar barna og starfsfólks.

Deildastjórar senda foreldrum reglulega tölvupóst með upplýsingum um daglegt starf í leikskólanum og helstu fréttir úr starfi skólans.

FORELDRAHANDBÓK

Á heimasíðunni okkar má finna foreldrahandbók þar sem finna má upplýsingar um leikskólastarfið og aðrar hagnýtar upplýsingar fyrir foreldra og forráðamenn.

SAGAN

2007	Ugluklettur opnar í ágúst 2007. Þriggja deilda leikskóli.
2008	Á starfsmannafundi í ágúst er tekin ákvörðun um að taka upp stöðvavinnu og vinna með hugmyndir Mihaly Csikszentmihalyi um Flæði. Fyrstu skref að bættu umhverfi í námi barna og styttingu vinnuvikunnar tekin þegar kaffitími starfsmanna var tekin út.
2012	Námsferð starfsmanna til Kaupmannahafnar, skoðaðir tveir leikskólar og vísindasafn.
2012 2014	Þróunarverkefnið — Skólanámskrá Uglukletts. Styrkur veittur úr Sprotasjóði til að vinna að skólanámskrá fyrir Ugluklett. Að vinnunni komu starfsfólk, börn og foreldrar. (Leikskólinn Ugluklettur, 2014)
2014	Í maí er formlega gefin út fyrsta skólanámskrá Uglukletts.
2014	Þróunarverkefnið Ugluklettur heilsueflandi leikskóli með áherslu á næringu. Verkefnið hlaut styrk úr Lýðheilsusjóði.
2015	Þróunarverkefnið Ugluklettur heilsueflandi leikskóli með áherslu á geðrækt. Verkefnið hlaut styrk úr Lýðheilsusjóði.
2016	Þróunarverkefnið Ævintýrapokinn - útinámsverkefni. Verkefnið hlaut styrk úr Lýðheilsusjóði.
2017	Námsferð starfsmanna til New York. Skoðaðir voru skólar sem vinna eftir The leader in me og City and country school, sem byggir sína stefnu á því að nýta einingakubba á sem fjölbreyttastan hátt.
2021	Í mars er gámahýsum bætt við sem starfsmanna aðstöðu og Ugluklettur stækkar um eina deild, er orðinn fjögurra deilda leikskóli.
2022	Þróunarverkefnið Innra mat í leikskólanum Uglukletti — virkt nemenda lýðræði. Verkefnið fékk styrk úr Sprotasjóði. (Sjá lokaskýrslu)
2023	Í janúar er gámahýsum bætt við sem einni deild og er Ugluklettur orðinn fimm deilda leikskóli.
2023	Námsferð starfsmanna til Bolzano, Ítalíu. Heimsóttir voru tveir leikskólar og farið á námskeiðið jóga með börnum.
2023	Byrjuðum í þróunarverkefninu Stilla sem byggir á hægð og hægð í leikskólastarfi. Það er samstarfsverkefni HÍ, HA, tveggja erlendra prófessora og 4 leikskóla á Íslandi.
2023	Ugluklettur hlaut tilnefningu til íslensku menntaverðlaunanna fyrir framúrskarandi skólustarf.
2025	Ugluklettur verður fjórar deildar vegna fyrirhugaðra framkvæmda og stækkunar skólans.

HEIMILDASKRÁ

Aðalnámskrá leikskóla. (2023). Aðalnámskrá

Bilewicz-Kuznia, B. (2017). The experimental approaches and creative mindsets of children in heuristic play. *Social Research*, 8(2), [bls. 197-211]. https://www.researchgate.net/publication/322204349_The_experimental_approaches_and_creative_mindsets_of_children_in_heuristic_play

Björk Alfreðsdóttir, Hólmfríður Árnadóttir, Hrafnhildur Karlsdóttir, Ingibjörg Símonardóttir og Margrét Tryggvadóttir. (2013). *TRAS skráning á málþroska ungra barna. Leiðbeiningar*. Námsmatsstofnun.

Borgarbyggð. (2023). *Blómstrandi skólastefna*. <https://dev.borgarbyggd.is/wp-content/uploads/2023/08/skolastefna-borgarbyggdar.pdf>

Clark, A., (2023). *Slow Knowledge and the Unhurried Child, Time for Slow Pedagogies in Early Childhood Education*. Routledge.

Csikszentmihalyi, M. (1990). *Flow: The psychology of optimal experience*. HarperCollins Publishers.

Csikszentmihalyi, M. (1997). *Finding flow: The psychology of engagement with everyday life*. Basic Books.

Göl-Güven, M. (2017). Play and flow: Children's culture and adults' role. *Journal of Early Childhood Studies*, 1(2), 247-261. doi.org/10.24130/eccd-jecs.196720171230

Ingibjörg Símonardóttir, Jóhanna Einarsdóttir og Amalía Björnsdóttir, (2002). *Hljóm-2, Athugun á hljóð- og málvitund leikskólabarna*. Gutenberg.

Kern, M. L. (2022). PERMAH A useful model for focusing on well-being in schools. Í M. J. Furlong, R. Gilman, & E. S. Huebner (ritstj.), *Handbook of positive psychology in schools* (bls. 12-24). Routledge.

Leikskólinn Ugluklettur. (2014). *Lokaskýrsla til Sprotasjóðs*. https://www.rannis.is/media/2012-2013/leikskolinn-ugluklettur_no32-lokaskyrsla.pdf

Leikskólinn Ugluklettur. (2022). *Lokaskýrsla til Sprotasjóðs*. *Lokaskýrsla-til-Sprotasjods-Lydraedislegt-innra-mat-i-leikskolanum-Uglukletti.pdf*

Lög um leikskóla. (2008). 90/2008: Lög um leikskóla | Lög | Alþingi

Mantovani, S. (2001). Infant-toddler center in Italy today: Tradition and innovation. Í L. Gandini og Edwards, C. (ritstj.), *Bambini: The Italian approach to infant/toddler care* (bls. 23-37). NY: Teacher College.

Park, N., & Peterson, C. (2009). Strengths of character in schools. *The Counseling Psychologist*, 37(7), 973-982.

Seligman, M. E. P. (2011). *Flourish: A visionary new understanding of happiness and well-being*. Free Press.

Sesselja Hauksdóttir. (2001). „Ég sjáll“ Sjálfræði barna í leikskólum. Ótúgefið M.Ed –Meistaraprófsverkefni við Kennaraháskóla Íslands

Sesselja Hauksdóttir. (2011). „Ég sjáll, Sjálfræði barna í leikskóla“. Erindi haldið á samráðsþingi FSL í Landnámssetrinu Borgarnesi, 16. nóvember 2011.

Shernoff, D. J., Csikszentmihalyi, M., Schneider, B., & Shernoff, E. S. (2003). Student engagement in high school classrooms from the perspective of flow theory. *School Psychology Quarterly*, 18(2), 158-176. DOI:10.1521/scpq.18.2.158.21860

Waters, L. (2011). A review of school-based positive psychology interventions. *The Educational and Developmental Psychologist*, 28(2), 75-90. Doi.org/10.1375/aedp.28.2.75



Leikskólinn Ugluklettur
Uglukletti 1
310 Borgarnesi
borgarbyggd.is/stofnun/ugluklettur